

From: Jon Sveinsson <iphotographersparadise@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 18. ágúst 2020 13:29
To: Guðlaugur H Sigurjónsson <Guðlaugur.H.Sigurjonsson@Reykjanesbaer.is>
Subject: Skógrækt

Góðan dag

Til að fylgja eftir símaheimsókn minni til ykkar vildi ég skýra frekar mál mitt skriflega.

Við erum hópur fólks sem hefði áhuga á að stofna til gróðursetningar á trjáplöntum hér á Reykjanesinu. Þetta er allflest erlendir einstaklingar sem hingað hafa komið og notið fegurðar Íslands en við söfnumst saman undir flaggi Facebook síðu sem ég á og rek.

Flestir eru þessir einstaklingar ljósmyndarar, annaðhvort að atvinnu eða áhugamenn og datt okkur í hug að festa svolítið okkar tengsl við Ísland með stofnun þessa verkefnis. Hugmyndin er að safna fé hjá þessum hópi eingöngu og hefja gróðursetningu á einhverjum þeim stað þar sem við værum velkomin og ekki sæti óöryggi framtíðaráætlunum sveitarfélagsins um byggingu byggðar eða annarra framkvæmda.

Sjálfur hafði ég látið mér detta í hug uppblásið svæði við Gálgaklett á sunnanverðu nesinu eða inn í gamla hrauninu skammt sunnan við þar sem nýi vegurinn til Sandgerðis kemur að Hafnarveginum á leið út á Reykjanes eða jafnvel við Seltjörn/Snorrastaðatjarnir. Þar sem ég hafði talið að þyrfti einhvers konar aðhlyningar við og gæti þetta framtak átt vel við. Ég geri mér grein fyrir að ef til vill væri það ekki hentugasta val en þar vænti ég ábendingar mér vitrari mönnum og leiðsögn.

Ein sú ástæða sem liggur til grunns þess að ég hef dregið verkefnið út úr hefðbundnum svæðum eru nokkrar. Þörf svæðisins á uppgræðslu sem nú þegar er hafin. Aðgengi fyrir heimsóknir af þeim einstaklingum sem munu veit fé til verksins og svo nálægð þess við flugvöllinn. Þar liggur einnig sú ósk að fá að nefna svæðið í höfuð á hópnum sem stendur að baki fjárveitingum og jafnvel gróðursetningu trjáa ef ekki hún yrði framin af öðrum einingum innan sveitafélagsins.

Draumur minn er að það svæði sem um ræðir myndi hýsa 1000-5000 blönduð tré af Furu, Greni og jafnvel Reyni, Ösp og Hlyn ásamt runnum á við Víði og jafnvel Ribs o.fl..

Það er ósk mín og von að okkur sé vel tekið í þessari umleitan okkar og vona ég að þessu verði gefin viðunandi staðsetning til frambúðar

Með kveðju

Jón Sveinsson

Iceland the photographers paradise.

